AUGLÝSING

203
14. des.

um innflutningskvóta.

Með skírskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabankann ákveðið innflutningskvóta fyrir árið 1962 í eftirtöldum vöruflokkum:

Tollskrá: Kafli.	Nr.	Vörutegund:	Innflutningskvóti 1962
37	3, 8	Hanzkar og vettlingar og alls konar töskur, veski, buddur og hylki úr skinni og leðri, ót. a.	kr. 350 000
38	3	Vörur úr loðskinnum	— 500 000
39A	10a	Kvenhandtöskur úr plasti	— 100 000
40	1—3	Plankar og bitar, borð, óunnin, hefluð og plægð úr furu og greni	— 20 000 000
44	14, 26—27	Skrifpappír, prentpappír, kópíupappír og umslög, ót. a.	— 8 500 000
51	8a, 8b	Heilsokkar kvenna og aðrir sokkar úr gerviþráðum	— 6 000 000
51	17, 23, 29	Vettlingar prjónaðir úr ull, baðmull og hör	— 150 000
	21	Ytri fatnaður prjónaður úr baðmull	— 400 000
54	6b–8, 11–13	Skófatnaður úr kátsjúki, þó ekki sjóstígvél, svo og annar skófatnaður, ót. a.	— 3 000 000
60	2–13, 16–19	Rúðugler, gler í plötum, speglar og aðrar vörur úr gleri, svo og glerílát til umbúða, ót. a.	— 5 500 000
63	3, 3a, 4, 7, 8, 8a, 8b, 9a, 12, 16	Járn og stál í stöngum, prófiljárn, ót. a., járn og stál í plötum, vír úr járni og stáli, járn- og stálpípur og pípuhlutar (fittings), ót. a.	— 40 000 000
73	63	Ljósaperur	— 3 000 000

Ofangreindir innflutningskvótar gilda um vörukaup frá öðrum löndum en jafnkeypislöndum (Austur-Þýzkalandi, Brazilíu, Póllandi, Rúmeníu, Sovétríkjunum, Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi).

Umsóknir um fyrstu úthlutun skulu hafa borizt Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir lok desembermánaðar 1961, en úthlutun fer fram í janúar, júní og október 1962.

Á það skal bent, að bankarnir veita gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi fyrir öllum ofantöldum vörum frá jafnkeypislöndum eftir því, sem óskað kann að vera.

Innflutningskvótar í öðrum vöruflokkum fyrir árið 1962 verða auglýstir síðar.

Viðskiptamálaráðuneytið, 14. desember 1961.

Gylfi Þ. Gíslason.

Oddur Guðjónsson.